

Yfirlit

Starfsáætlun 2024	2
Hlutverk áfangastaðastofu	2
Forsendur	2
Grunneining í stoðkerfi ferðamála	3
Vöruþróun og nýsköpun	4
Áherslur í innviðum og samgöngum	4
Svæðisbundin markaðssetning	4
Áhersluverkefni	7
Air 66N	7
Mannamót	7
Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way	8
Demantshringur / Diamond Circle	9
Sögu- og menningarverkefni NV	10
Cruise – Samstarf varðandi skemmtiferðaskipakomur	11
Sjálfbær ferðapjónusta á Norðurlandi / Engage Visit North Iceland	11
Birding North Iceland	12
Gönguleiðir	13
Taste North Iceland	14
Vetrarferðapjónusta	15
Skíði á Norðurlandi	15
Ævintýraferðapjónusta á Norðurlandi	16

Starfsáætlun 2024

Markaðsstofa Norðurlands (MN) er samstarfsvettvangur Norðurlands í ferðamálum. MN vinnur að samræmingu markaðs- og kynningarmála í ferðaþjónustu fyrir Norðurland fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum. Helsta hlutverk MN er að stuðla að auknu samstarfi ferðaþjónustu og sveitarfélaga í landshlutanum í þeim tilgangi að fjölga ferðamönnum á svæðinu og lengja dvöl þeirra.

- Að taka þátt í að móta og styrkja ímynd Norðurlands sem ferðamannasvæðis.
- Að vinna með ferðaþjónustufyrirtækjum og ferðamálafulltrúum á Norðurlandi.
- Að mynda tengsl við upplýsingamiðstöðvar og samræma upplýsingagjöf til ferðamanna.
- Að aðstoða hagsmunaaðila við að setja saman, samræma og markaðssetja nýjungar og viðburði innan svæðisins, leita uppi markhópa og aðstoða við markaðssetningu.
- Að hvetja til nýsköpunar í ferðaþjónustu á svæðinu, veita aðstoð og ráðgjöf.
- Halda námskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk ferðaþjónustunnar á ýmsum sviðum markaðsmála og vörupróunar
- Að kynna Norðurland í gegnum vefinn og samfélagsmiðlana, með útgáfu bæklinga og þátttöku í vinnufundum, sýningum og markaðsverkefnum innanlands og erlendis.
- Að koma að helstu þróunarverkefnum ferðaþjónustunnar á Norðurlandi á hverjum tíma

Hlutverk áfangastaðastofu

- a. Gerð og framkvæmd áfangastaðáætlana ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.
- b. Aðkoma að gerð stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snertir ferðaþjónustu.
- c. Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarpörf hvers landshluta.
- d. Stuðla að vörupróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum.
- e. Leggja mat á fræðslupörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðaþjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði.
- f. Sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila sem dregur fram sérstöðu landshlutanna og styður við markaðssetningu Íslands í heild.
- g. Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum. Áfangastaðastofur liðsinna sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæðis vegna ferðaþjónustu samkvæmt samstarfssamningum.

Forsendur

Starfsáætlun tekur mið af Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 sem unnin var í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og greinarinnar. Sú stefnumótun er nú í endurskoðun en þar birtast m.a. eftirfarandi áherslur:

Efnahagur - Arðsemi ofar fjölda ferðamanna

- a. Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt.
- b. Ábyrg ferðaþjónusta sem nýtir tækni, nýsköpun og vörupróun.
- c. Sókn á verðmæta markaði og samræmi milli stefnu í flugsamgöngum og ferðaþjónustu.

Samfélag og heimamenn - Ávinningur heimamanna um allt land

- d. Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði.
- e. Áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um land allt, árið um kring.
- f. Allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu.

Samfélag og ferðamenn - Einstök upplifun, gæði og fagmennska

- g. Upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar.
- h. Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta.
- i. Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðaþjónustu.

Umhverfi - Jafnvægi milli verndar og hagnýtingar

- j. Minnkandi kolefnaspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa.
- k. Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því.
- l. Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.

Grunneining í stoðkerfi ferðamála

Samstarf og sérverkefni

- FMS sameiginlegur fundur tvisvar á ári
- Íslandsstofa sameiginlegir fundir mánaðarlega
- Aukið samstarf með SSNV og SSNE og Ferðaklasanum
- Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar
- Kynning á Diamond Circle með Húsavíkurstofu
- Birding Iceland verkefni um fuglaskoðunarskýli
- Nature Direct samstarf með Isavia, Íslandsstofu og Austurbrú
- Iceland Travel Tech með FMS og Ferðaklasanum
- Vor og haustfundir MN
- Þátttaka í fundum og verkefnum á svæðinu

MAS samstarf

Mannamót

- Sýningarstjórn og miðlun
- Þetta raðirnar á Norðurlandi og auka sýnileika
- Fá inn fleiri erlendar ferðaskrifstofur á viðburðinn

Upplifðu

- Endurskipuleggja bakenda Upplifðu

Brandcenter

- Samstarf um þróun kerfisins við Íslandsstofu og MAS
- Bæta við og þróa myndefni sem í boði er

Vefsíður þróun

Haustráðstefna

Samstarfsfundir starfsfólks MAS vor og haust

Ýmis sérverkefni

Stjórnir, nefndir og ráð

Fulltrúi ferðapjónustunnar í svæðisráði Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

Varafulltrúi í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs

Varaformaður Ferðamálaráðs

Fulltrúi í stjórn Flugþróunarsjóðs

Fulltrúi í vinnuhópi Flugþróunarsjóðs

Fulltrúi í nefnd um endurskoðun á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Talsmaður Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

Sýningarstjórn Mannamóta

Sýningarstjórn Iceland Travel Tech í samstarfi við Ferðamálastofu og Íslenska ferðaklasann

Teymisstjórn á þróun landshlutavefsíðna

Fulltrúi í vinnuhópi Visit Iceland

Vöruþróun og nýsköpun

Örfundir fyrir meðlimi Norðurstrandarleiðar, markaðssetning og vöruþróun

Vinnufundir um vetrarferðapjónustu, vöruþróun og samfélagsmiðla

Fundir um vöruþróun vegna flugsins í samstarfi við Austurbrú – Straumhvörf

Áherslur í innviðum og samgöngum

Dettifossvegur, vetrarþjónusta og öryggi

Askja, aðgengi að vori

Hvítserkur og Vatnsnesvegur, vegabætur og vetrarþjónusta

Flugþróunarsjóður fjármögnun vegna uppbyggingar beins millilandaflugs og tengiflugs

Svæðisbundin markaðssetning

Sýningar og vinnusmiðjur

Mannamót 18. janúar

Summer and winter event Voigt

Sendiráðsviðburður UK

Vinnustofa UK

ITB Berlín

Birdfair júlí

Vinnusmiðja Frankfurt september

Vinnusmiðja Holland og Belgía október

WTM

Heimsóknir til ferðaskrifstofa UK

US vinnustofa

Birtingar og efnisvinnsla

Mannamót

- Fjölga aftur sýnendum frá Norðurlandi upp í það sem var fyrir Covid og helst meira
- Fá inn fleiri erlendar ferðaskrifstofur á viðburðinn
- Auka sýnileika á nýju MAS logo-i og branding, vera leiðandi í þeirri vinnu

Upplifðu

- Fjölga notendum frá MN í kerfinu
- Auka úrval myndefnis
- Endurskipuleggja kerfið

Brandcenter

- Samstarf um þróun kerfisins við Íslandsstofu og Sigurpór
- Bæta við og þróa myndefni sem í boði er
- Efla samstarf við SSNE og SSNV um notkun kerfisins
- Þróa betur vinnu við hýsingu og dreifingu á efni frá samstarfsaðilum, kanna hvort áhugi og þörf sé á að búa til birtingarmynd fyrir þau í kerfinu. Mögulega gætu td myndir úr gagnagrunni líka farið þarna inn.

Heimasíða

- Bæta í fjölda heimsóknna og gesta
- Stöðug þróun og uppfærsla á efni, í takti við áhersluverkefni og árstíðir
- Taka þátt í þróun á lausnum fyrir t.d. áfangastaðaáætlanir, finna leiðir til að fækka PDF skjölum og búa til betri birtingarmynd á vef í staðinn.

Upptökur á myndefni

- Bæta í efni sem tengist afþreyingu, gönguleiðum og náttúru
- Kanna möguleika á upptökum á nýju efni, sérstaklega fyrir samfélagsmiðla (Instagram reels, Tiktok sérstaklega)

Ljósmyndun

- Bæta í afþreyingar flokkinn af alls kyns efni
- Bæta við fleiri bæjarmyndum, allar árstíðir
- Arctic Sky, nýta ljósmyndara á svæðinu í það

Uppfærður ímyndarbæklingur

- Bæta easyJet við og stækka flugopnu, mögulega upp í tvær opnur (flugvöllur – flugfélög)

Prentuð kort, vetur og sumar

- Endurskoða auglýsingasölu og tíðni á prentun í því samhengi

Auka samskipti við Íslandsstofu og aðra um efnisnotkun, fjölmiðlafólk og samfélagsmiðla

Birtingaráætlun samfélagsmiðla og áherslur

- Kanna möguleika á að útbúa sérstaka landingarsíðu og færslur á þýsku sem verða miðaðar á Zurich og nágrenni, og á hollensku fyrir hollenska markaðinn
- Byrja vetrarherferð fyrir easyJet flug miklu fyrr en árið 2023, helst strax í september

Birtingar og efnisvinnsla sem tengjast sérverkefnum

Samskipti við ferðaskrifstofur

Söluhandbók Norðurstrandarleiðar uppfærð
Söluhandbók Demantshringis uppfærð
Heimsóknir til ferðaskrifstofa í Rvk
Reglulegt fréttabréf til ferðaskrifstofa með áherslu á nýjungar og Travel trade info
Skráningar á póstlista
Samstarf með ferðaskipuleggjendum á svæðinu
Kynnisferðir í samstarfi við flugfélög
FAM ferð í febrúar í samstarfi við Voigt
Skíða FAM ferð í samstarfi við skíðasvæðin í mars
FAM ferð í maí í samstafi við Condor
FAM ferð í maí í samstarfi við Niceair
FAM ferð í júní í samstarfi við Icelandair
Innlendar FAM ferðir í vor í Mývatnssveit og Skagafjörð

Herferðir og áherslur

Samskipti við Íslandsstofu og aðra um efnisnotkun, fjölmiðlafólk og samfélagsmiðla
Birtingaráætlun samfélagsmiðla og áherslur
Birtingar og efnisvinnsla sem tengjast sérverkefnum
Demantshringur
Norðurstrandarleið
Taste North Iceland
Fjöll
Skíðavertíð
Innanlandsmarkaður
Söfn og menning
Gönguleiðir
Ævintýraferðaþjónusta
Arctic Sky

Áhersluverkefni

Eftirfarandi verkefni eru í áfangastaðaáætlun Norðurlands og tengjast framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030.

Hér er farið yfir þá áfanga verkefnanna sem vinna á 2024 en flest þessara verkefna eru lengri tíma verkefni. Unnið er í samstarfi við viðeigandi stoðstofnanir og samstarfsaðila.

Air 66N

Langtímamarkmið
Að reglulegt millilandaflug sé til Norðurlands um AEY allt árið og frá nokkrum mismunandi áfangastöðum
Að þróa nýjan áfangastað á Íslandi fyrir erlenda ferðamenn allt árið
Að fjölga ferðamönnum á Norðurlandi allt árið
Að bæta dreifingu á eftirspurn eftir ferðaþjónustu m.t.t. fjölda og landsvæða
Að skapa ný tækifæri til þróunar og nýsköpunar í ferðaþjónustu
Að efla þjónustu við ferðamenn m.t.t. opnunartíma og framboðs
Að fjölga heilsársstörfum í ferðaþjónustu

Skammtímamarkmið (næstu 3 ár)
Fjármögnun frá fyrirtækjum (átaksverkefni í markaðssetningu)
Fjármögnun frá opinberum aðilum (sv.fél.) sé tryggð til 3ja ára
Fjármögnun frá stoðkerfi (MVF) sé tryggð til 3ja ára
Lengja flugtímabil – fá inn flug sep-okt og apríl-maí
Fjölga áfangastöðum frá AEY
Samræma áherslur í markaðssetningu – allir segi sömu skilaboðin út á við og allir taki þátt í markaðssetningunni
Auka vöruframboð á heilsársgrunni og kynna það fyrir innlendum og erlendum ferðaskrifstofum og flugfélögum

Mannamót

Markmið

Markmið og tilgangur viðburðarins er að skapa vettvang þar sem landsbyggðarfyrirtæki fá tækifæri til að kynna sína þjónustu og vöruframboð fyrir ferðaþjónustuaðilum sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu. Ísland hefur mikið upp á að bjóða og Mannamót hjálpa til við að mynda tengsl innan ferðaþjónustunnar. Gestum á Mannamótum gefst kostur á kynna sér það sem mismunandi landshlutar eru að bjóða uppá.

Verkefnalýsing

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna er árleg ferðakaupstefna sem haldin er af Markaðsstofum landshlutanna. Sýningarstjórn er í höndum MN.

Mannamót markaðsstofanna er kynningarvettvangur ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og tækifæri til að koma á fundum fagaðila í greininni.

Næstu skref eru tvenns konar:

- Að hefja að fullu markaðssetningu erlendis og fjölga þannig fjölga erlendum kaupendum sem mæta á Mannamót.
- Að þróa áfram ferðaþjónustuviku í samstarfi við stoðkerfi ferðaþjónustunnar. Hún verði haldin samhliða Mannamótum með áherslu á fræðslu og upplýsingagjöf.

Samstarfsaðilar

Markaðsstofur landshlutanna.

Stoðkerfi ferðaþjónustunnar.

Árangursmælikvarðar

Fjöldi sýnenda.

Fjöldi gesta.

Niðurstöður þjónustukönnunar meðal gesta og sýnenda.

Lokaafurð

Mannamót haldin í janúar ár hvert.

Ferðaþjónustuvikan haldin í kringum Mannamót.

Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way

Markmið

Almenn markaðssetning á leiðinni hér heima og erlendis með áherslu á þátttöku fyrirtækja.

Uppbygging innviða skiptir gríðarlega miklu máli. Það þarf að koma upp góðum merkingum svo heildarupplifunin af því að ferðast leiðina sé sú sama, þótt ferðast sé á milli mismunandi sveitarfélaga. Koma einnig upp góðum merkingum við upphaf leiðarinnar, við Hvammstanga og Bakkafjörð.

Áhersla á að fá fleiri fyrirtæki í samstarf, að þau nýti sér kennimerki leiðarinnar á sínum miðlum og þróa vörur með loforð leiðarinnar í huga.

Að Norðurstrandarleið verði þekkt vörumerki innan sem utan ferðaþjónustunnar.

Koma upp landslagshönnun víðsvegar um leiðina sem vekja athygli og eru í takt við loforð leiðarinnar. Við viljum hvetja til þess að hönnunin sé sjálfbær, nýstárleg og skapandi og hafi eins lítil áhrif á umhverfið og mögulegt er.

Verkefnalýsing

Innviðir eru lykilatriði fyrir gang verkefnisins. Innviðina skal byggja upp til framtíðar og með þeim hætti að Norðurstrandarleið geti orðið alþjóðleg fyrirmynd fyrir vel heppnaða

ferðamannaleið á fáförnum svæðum. Innviðunum er ætlað að auka öryggi ferðamanna og auka á upplifun þeirra. Meginhlutverk innviðaupbyggingar er að auka á náttúruupplifun með þarfir ferðamanna að leiðarljósi. Þetta eru t.d. örugg bílastæði, merktar gönguleiðir að náttúruundrum, salerni og sorpílát, upplýsingagjöf og spennandi hönnun innviða. Markmiðið er að hægt sé að njóta hvers staðar til fullnustu en takmarka umhverfisáhrif. Unnið verður eftir GIS gagnagrunninum þar sem áfangastaðirnir hafa verið greindir og uppbygging og þróun þeirra skipulögð. Með því móti eykst skilningur á ávinningi samfélagsins og sveitarfélaga á því hvað innviðaupbygging og markaðssetning ferðapjónustunnar skilar.

Leggjum áherslu á ósviknar upplifanir sem fá fólk til að stoppa lengur á svæðinu og tengjast því á persónulegan hátt.

Við höldum áfram að veita aðstoð við notkun vörumerkjahandbókar svo fyrirtæki geti tengt sig betur við leiðina og náð þannig þeim sameiginlega slagkrafti sem til þarf.

Samstarfsaðilar

Skráðir meðlimir og sveitarfélög á Norðurstrandarleið.

Árangursmælikvarðar

- Fjöldi fyrirtækja. Einhver fyrirtæki hættu starfsemi á síðasta ári og hafa ný verið að koma inn á móti.
- Sýningar, vinnusmiðjur og fundir, auk kynninga á vefnum.
- Blaðamannaferðir og FAM heimsóknir.
- Söluhandbók kemur út í upphafi hvers árs.
- Haustfundur Norðurstrandarleiðar ásamt vinnufundi með meðlimum
- Kennsla á vörumerkið og markaðssetningu.
- Uppsetning skilta með sveitarfélögum
- Uppsetning skúlptúra

Demantshringur / Diamond Circle

Markmið

Að Demantshringurinn sé þekkt vörumerki og að fyrirtækin á svæðinu nýti sér kennimerki leiðarinnar og þá vinnu sem hefur átt sér stað við mörkun hennar.

Að jafna árstíðarsveiflur á svæðinu og ferðamenn fari um Demantshringinn allt árið. Þá þurfa innviðir svæðisins að vera klárir.

Verkefnalýsing

Ferðamannaleiðin Demantshringurinn hefur fengið mjög góðar viðtökur og mun unnið að því í samstarfi við Húsavíkurstofu að halda áfram kynningu og markaðssetningu. Búið er að gefa út söluhandbók sem mun hjálpa til við að vekja enn meiri athygli á leiðinni. Fyrirtækin munu halda áfram að fá aðstoð við að koma sér á framfæri í tengslum við Demantshringinn.

Höldum áfram að taka á móti blaðamönnum og ferðaskrifstofum sem hafa áhuga á að fjalla um leiðina eða taka hana í sölu.

Áframhaldandi samtal við Vegagerðina og stjórvöld varðandi opnun á Dettifossvegi svo leiðin verði aðgengileg allt árið.

Samstarfsaðilar

Samstarfsfyrirtæki og sveitarfélög
Samgöngufirvöld varðandi opnanir á vegum

Árangursmælikvarðar

- Söluhandbók kemur út í byrjun mars
- Fjöldi sýninga og vinnusmiðjur
- Markaðsherferðir á samfélagsmiðlum
- Móttaka blaðamanna og FAM ferðir

Sögu- og menningarverkefni NV

Markmið

Þetta verkefni er í biðstöðu fram á haust. Mögulega verða þróaðar menningartengdar ferðir eftir Straumhvörf sem hægt er að taka áfram og kynna. Að finna heildstæða vöru með áherslu á sögu og menningu í Skagafirði og Húnavatnssýslum, sem hægt er að setja saman og markaðssetja á einfaldan hátt.

Jafna árstíðarsveiflur og fá ferðamenn til að ferðast allt árið um svæðið og þurfa þá innviðirnir að vera tilbúnir til þess.

Verkefnalýsing

Farið í innviðagreiningu fyrir Skagafjörð og Húnavatnssýslur, kortleggja svæðið og draga fram það sem það hefur uppá að bjóða með áherslu á sögu og menningu. Búa til einhverskonar slóð eða stíg sem hægt er að kynna og markaðssetja fyrir innlendum og erlendum ferðaskrifstofum.

Fara í greiningu hvaða sögur við viljum draga fram og með hvaða hætti þær eru sagðar. Innviðunum er ætlað að auka öryggi ferðamanna og upplifun þeirra með t.d. bílastæðum, salernum, upplýsingagjöf, náttúrustöðum og fleira.

Kynningarfundir með ferðapjónustunni í Húnavatnssýslum og Skagafirði þar sem farið verður í hugmyndavinnu varðandi uppsetningu á leiðinni. Að fyrirtækin sjái hag sinn í að vinna saman og nýta þann slagkraft til að koma nýrri vöru á markað hér heima og erlendis.

Samstarfsaðilar

Ferðapjónustufyrirtæki í Skagafirði og Húnavatnssýslum

Árangursmælikvarðar

- Kynningarfundur með ferðapjónustuaðilum í Skagafirði og Húnavatnssýslu
- Aðstoð við að setja saman heildstæðan pakka
- Markaðsherferð á samfélagsmiðlum
- Vöruþróunarpakkar í tengslum við Staumhvörf

Cruise – Samstarf varðandi skemmtiferðaskipakomur

Nauðsynlegt er að fara í innviða- og þolmarkagreiningu á Norðurlandi til þess að skipuleggja á samræmdan hátt komur skemmtiferðaskipa. Þetta verkefni hefur ekki verið fjármagnað og því ekki komið af stað.

Markmið

Ná utanum verkefnið og skilgreina það. Eiga öflugt samstarf með Cruise Iceland.

Verkefnalýsing

Verkefni sem á eftir að skilgreina betur. Snýst um skemmtiferðaskip og landtöku leiðangursskipa utan hafna. Að ná betra samtali og samstarfi við Cruise Iceland. Greina þörfina fyrir skipulag á svæðunum vegna aukningar á skipakomum. Þarfagreining og álagmat á svæðunum. Stefna sett varðandi skipakomur og aukna stýringu.

Samstarfsaðilar

Cruise Iceland
Ferðaþjónustufyrirtæki
Sveitarfélög

Árangursmælikvarðar

Samstarf komið vel á veg og skýr hlutverk aðila.

Greining á þörfinni og álagi á svæðið.

Kortlagning til næstu 5 ára.

Sjálfbær ferðaþjónusta á Norðurlandi / Engage Visit North Iceland

Markmið

Markmið verkefnisins er að auka sjálfbærni í ferðaþjónustu á Norðurlandi og koma henni betur á framfæri.

Verkefnalýsing

Í kortlagningu sem unnin var á fyrsta ári verkefnisins voru greind fjögur forgangspatriði sem hægt er að byggja aukna sjálfbærni ferðaþjónustunnar á:

- Aukinn hagur heimamanna (benefits local communities)
- Auknar heilsárstekjur (increases local creation, all year round)
- Verndun náttúru og dýralífs (protects nature and wildlife)
- Endurnýtanlegir orkugjafar og umhverfisvænir valkostir (promotes renewable energies and climate friendly alternatives).

Ákveðið var að vinna með tvo fyrstu áherslupættina árin 2023 og 2024, á grunni áðurnefndrar kortlagningar.

Undir „Aukinn hagur heimamanna“ hefur verið lögð áhersla á að stuðla að samtali við bæði hagaðila (ferðaþjónustuaðila) og almenning. Þannig voru haldnir súpufundir á þremur

stöðum í nóvember, þar sem þetta verkefni var kynnt og kannað hvort áherslur þess rímuðu við áherslur fólks í ferðapjónustunni, auk þess sem kannað var viðhorf sömu aðila til þeirrar framtíðarsýnar Norðurlands sem áfangastaðar sem fram kemur í áfangastaðaáætlun. Á komandi ári verður viðhorf heimafólks til ferðapjónustu á svæðinu kannað, en það hefur nú þegar verið gert upp að vissu marki og sú vinna verður að sjálfsögðu nýtt.

Undir þættinum „Auknar heilsárstekjur“ hefur farið af stað vinna við að kanna grundvöll fyrir því að þróa merkingar fyrir vörur framleiddar á svæðinu og kortleggja mögulegt klasasamstarf, til að stuðla að fleiri miðpunktum. Einnig voru haldnir vöruþróunarfundi víða um svæðið, þar sem tvö verkefni runnu í raun saman í eitt, þar sem samlegðaráhrif þessa verkefnis og vöruþróunarverkefnisins Straumhvarfa voru augljós. Eftir súpufundi þykir það ljóst að eitt vænlegasta skrefið fram á við felst í því að einfalda ferðapjónustufyrirtækjum að mynda sér sjálfbærnistefnu og vekja athygli á bæði henni og því sem þau eru að gera í átt að aukinni sjálfbærni í rekstri. Til að stuðla að þessu er stefnt að því að halda fundi fyrir ferðapjónustufyrirtæki á svæðinu með fulltrúum fyrirtækja sem geta leiðbeint fyrirtækjunum varðandi skref til frekari sjálfbærni. Einnig mun Markaðsstofa Norðurlands hafa milligöngu um samskipti fyrirtækja við Ferðaklasann og kynna tól sem hann býður upp á, bæði varðandi vöruþróun og græn skref, en e.t.v. verða þessi tvö atriði sameinuð í eitt, þ.e. unnin samhliða.

Samstarfsaðilar

Landshlutasamtök, ferðapjónustufyrirtæki og hagsmunaaðilar.

Árangursmælikvarðar

- Fjöldi þátttakenda á fundum
- Fjöldi samstarfsverkefna
- Fjölgun ferðamanna á off-season tímum
- Fjöldi ferðapjónustufyrirtækja sem taka þátt í Ábyrgri ferðapjónustu Ferðaklasans

Lokaafurð

Með næstu skrefum verkefnisins verður skerpt á sýn og stefnu Norðurlands sem áfangastaðar og stutt við hana með aðgerðum sem stuðla að sjálfbærri ferðapjónustu. Aukið verður framboð af vörum í sjálfbærri ferðapjónustu og stuðlað að auknu samstarfi aðila á svæðinu.

Birding North Iceland

Markmið

Með Birding verkefninu er Norðurlandið styrkt sem áfangastaður fuglaskoðara, en sá hópur stækkar sífellt sem ferðast vegna þessa áhugamáls.

Verkefnalýsing

Á undanförunum árum hafa nokkur fuglaskoðunarskýli risið á Norðurlandi og hefur það þegar skilað auknum áhuga á þessari tegund ferðamennsku, sem er vaxandi og telur fjölda ábyrga ferðamanna. Með hönnun - og á síðari stigum byggingu – nýrra skýla á Eyjafjarðarsvæðinu er markmiðið að skapa sterkari heildar upplifun ferðamanna í fuglaferðamennsku á Norðurlandi og laða fleiri á svæðið, án þess að ganga á náttúru. Sameiginleg umsókn 4 sveitarfélaga hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands Eystra og kom arkitektastofan

Biotope hingað til lands til að vinna að hönnun nýrra fuglaskoðunarskýla í sveitarfélögunum. Í framhaldinu er svo að sjálfsögðu stefnt að því að reisa skýlin og markaðssetja þau, en með því að reisa svo mörg skýli á þessu svæði verður auðveldara að markaðssetja það sem áfangastað fuglaskoðara. Tvö sveitarfélöganna sóttu um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á árinu og standa vonir til að þeir styrkir fáist, svo skýlin rísi. Einnig að sótt verði um styrki fyrir byggingu skýla og bekkja í hinum sveitarfélögunum tveimur, en MN mun verða þeim innan handar í umsóknarferlinu, líkt og var með þau sveitarfélög sem hafa þegar sótt um. Að lokum er meiningin að uppfæra kynningarefni tengt fuglaskoðun á svæðinu í kjölfarið á vinnunni við skýlin. Í framhaldinu á þessu verkefni er vilji til að halda í svipað verkefni á Norðvesturlandi, þar sem fleiri sveitarfélög gætu unnið saman og minnkað þannig kostnað hvers og eins. Það er þó á frumstigi, en reikna má með því að sótt verði um styrk fyrir slíku verkefni í uppbyggingarsjóð SSNV árið 2024, verði viðbrögð sveitarfélaga jákvæð.

Samstarfsaðilar

Sveitarfélögin Akureyrarbær, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur og Hörgársveit, Ferðamálafélag Hríseyjar, Biotope arkitektastofa, SSNE.

Árangursmælikvarðar

Fjöldi fuglaskýla sem verður búið að hanna.

Fjöldi umsókna í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir byggingu skýla.

Lokaafurð

Fullkláraðar hannanir fuglaskoðunarhúsa á öllum stöðunum.

Uppfærsla á kynningarefni tengdu fuglaskoðun á Eyjafjarðarsvæðinu.

Gönguleiðir

Markmið

Að safna saman gönguleiðum af öllu svæðinu og birta þær inná nordurland.is. Að markaðssetja Norðurland sem ákjósanlegan stað til gönguferða og fá þannig fólk til að staldra lengur við.

Verkefnalýsing

Vinum með sveitarfélögum að kortlagningu og forgangsröðun gönguleiða á Norðurlandi. Vinnum úr þessum upplýsingum og hlöðum þeim inná kerfi Ferðamálastofu þar sem þær verða aðgengilegar á íslensku og ensku. Setjum upp markaðsherferðir á samfélagsmiðlum.

Samstarfsaðilar

Sveitarfélög og landshlutasamtök

Ferðamálastofa

MAS

Árangursmælikvarðar

- Markaðssetning á sýningum

- Markaðsherferðir á samfélagsmiðlum
- Fjöldi gönguleiða á öllu svæðinu

Lokaafurð

Birting á vefsíðunni nordurland.is

Taste North Iceland

Markmið

Markmiðið með „Taste North Iceland“ verkefninu er að draga fram matargerð á Norðurlandi, með sérstakri áherslu á afurðir úr nærumhverfinu og hefðbundnar aðferðir við vinnslu þeirra.

Verkefnalýsing

Ferðapjónusta sem snýst um mat er einn öflugasti þátturinn í ferðapjónustu á heimsvísu um þessar mundir. Markmið MN er að efla þennan þátt í norðlenskri ferðapjónustu til að tengja hana betur við þá hópa ferðamanna sem hafa áhuga á matartengdum upplifunum.

Í verkefninu er lögð áhersla á norðlenskt hráefni og hefðbundna matarframleiðslu, þar sem ferðamenn vilja upplifa áfangastaðinn í gegnum mat. Þeir vilja smakka, fræðast og eiga í samskiptum með því að njóta alvöru norðlenskrar matarupplifunar. Á þeim forsendum hefur verið búin til „verkfærakista“ (e. Tool kit) um mat úr héraði, til þess að hjálpa samstarfsfyrirtækjum MN að skapa þessar upplifanir og nýta þeirra eigin boðleiðir í markaðssetningu.

Gerð hefur verið gerð sér vefsíða undir hatti MN sem dregur fram sérstöðu svæðisins í matargerð, auk veitingastaða á Norðurlandi. Vinna þarf í að þróa hana og sérstaklega í því að vinna frekara myndefni sem hægt væri að nota á henni. Það efni gagnast einnig í almenna markaðssetningu á Norðurlandi sem áfangastað.

Framundan er einnig sú áskorun að draga betur fram þá veitingastaði og framleiðendur sem leggja áherslu á mat úr nærumhverfinu. Það tvinnast einnig að einhverju leyti við sjálfbærni-verkefni MN, þar sem liður í því verkefni er að leggja áherslu á framleiðslu á svæðinu og þarf að skoða það með hagaðilum hvort það gæti verið fýsilegt að þróa einhvers konar merkingu á matvælum frá Norðurlandi. Einnig gæti það verið innlegg í fundi með aðilum á svæðinu, þ.e. hvernig draga megi fram þessi gæði í hráefninu sem er sótt í nærumhverfið.

Samstarfsaðilar

Ferðapjónustufyrirtæki í veitingapjónustu.

Matvælaframleiðendur.

Matarklasar og stígar á Norðurlandi.

Árangursmælikvarðar

- Framleiðsla myndefnis.
- Stuðningur við verkefni með „verkfærakistu“ (e. Tool kit) um mat úr héraði, til þess að hjálpa samstarfsfyrirtækjum MN að skapa þessar upplifanir og nýta þeirra eigin boðleiðir í markaðssetningu.

- Fundir með samstarfsaðilum.

Lokaafurð

- Birting á Taste North Iceland í miðlum og kynningarefni

Vetrarferðapjónusta

Markmið

Að styðja fyrirtæki og sveitarfélög í uppbyggingu Norðurlands sem vetraráfangastaðar.

Verkefnalýsing

Einn helsti styrkleiki áfangastaðarins Norðurlands er sú vetrarferðapjónusta sem í boði er. Hún er einnig nýtt sem ein af aðalmarkaðsáherslum áfangastaðarins. Því eru ákveðin tækifæri til að skoða hvernig hægt er að ná betri árangri í vetrarferðapjónustu. Verður því lögð áhersla á að greina eftirfarandi atriði:

- Greining á sérstöðu Norðurlands sem áfangastaðar fyrir vetrarferðapjónustu
- Hvernig geta fyrirtæki á Norðurlandi nýtt tækifæri í vetrarferðapjónustu
- Greining á mögulegum þróunarverkefnum til að styðja við vetrarferðapjónustu.
- Þróun á markaðsaðgerðum.
- Greining á markhóp vetrarferðapjónustu á Norðurlandi.
- Benchmarking vetrarferðapjónustu
- Efla erlent samstarf norðlægra áfangastaða

Samstarfsaðilar

Verkefnið verður leitt af MN og samstarfsaðilar eru fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu.

Árangursmælikvarðar

- Vinnufundir um vöruþróun með áherslu á vetrarferðapjónustu
- Ný þróunarverkefni

Lokaafurð

- Kynningarefni um vetrarferðapjónustu
- Vetrarpakkar

Skíði á Norðurlandi

Markmið

Að efla skíðasvæðin á Norðurlandi og samstarf þeirra. Styðja við markaðssetningu skíðasvæðanna á erlendum mörkuðum.

Verkefnalýsing

Áfram verður unnið með skíðasvæðunum á Norðurlandi að markaðssetningu erlendis og vöruþróun auk þess sem unnið verður að eflingu samstarfs. Þó svo að skíðaiðkun sé einn af lykilþáttum í verkefninu um vetrarferðapjónustu er það mat MN að gerð verði sérstök greining á öllum þáttum markaðssetningar á skíðum. Þar verði skoðaðir allir vinklar á öllum tegundum skíðaiþróttu, hvort sem um ræðir á troðnum brautum á skíðasvæðum, gönguskíðasvæðum

eða utanbrauta skíðaferðir á fjallaskíðum. MN metur það sem svo að hægt sé að ná betri árangri og finna sérstöðu Norðurlands sem skíðaparadís út frá styrkleikum svæðisins. Eftirfarandi atriði yrðu skoðuð:

- Sérstaða svæðisins
- Markaðsaðgerðir
- Greining á mögulegum þróunarverkefnum

Samstarfsaðilar

Ferðapjónustufyrirtæki og rekstraraðilar skíðasvæða.

Árangursmælikvarðar

- Samstarf skíðasvæðanna
- Ný þróunarverkefni

Lokaafurð

Ski Iceland ferð sem er ætluð þeim ferðaskrifstofum sem vilja stuðla að eflingu vetrarferðamennsku.

Ævintýraferðapjónusta á Norðurlandi

Markmið

Að auka kynningu á Norðurlandi sem ævintýraáfangastað.

Verkefnalýsing

Ævintýraferðapjónusta er ein af markaðsáherslum MN en MN telur að Norðurland geti orðið leiðandi áfangastaður í þessum flokki. Á Norðurlandi eru mikil tækifæri í þjónustu sem tengist til dæmis fjallahjólum, ísklifri, fjallahlaupum, svífvængjaflugi, skíðamennsku og fleiru. Því langar MN að gera eftirfarandi til að meta þessa möguleika:

- Greining á sérstöðu svæðis og samkeppnishæfni þess í ævintýraferðapjónustu
- Markhópagreining
- Greining á mögulegum markaðs- og þróunarverkefnum
- Efnisvinnsla

Samstarfsaðilar

Fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu.

Árangursmælikvarðar

Kortlagning á Norðurlandi sem svæði fyrir ævintýraferðapjónustu

Lokaafurð

Kynningarefni um Norðurland sem ævintýraáfangastað.